

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti
Félagsheimilinu Borg
801 Selfoss

Reykjavík, 2. mars 2023
Tilvísun: 201511005 / 0.6.2

Efni: Beiðni um hækkun á kostnaðarframlagi vegna aðalskipulagsgerðar

Vísað er til erindis Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 3. febrúar 2023 þar sem óskað er eftir viðbótar kostnaðarframlagi úr Skipulagssjóði vegna aðalskipulagsgerðar skv. 18. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fram kemur í erindinu að heildarkostnaður við verkefnið hafi numið 37.505.891 kr.

Í erindinu er ferli endurskoðunar aðalskipulagsins rakið, einkum í aðdraganda staðfestingar þess. Fram kemur að tafir á útgáfu Skipulagsstofnunar á leiðbeiningum og gagnalýsingu fyrir stafrænt aðalskipulag hafi leitt til þess að skipta hafi þurft um gagnagrunn í aðalskipulagsferlinu sem hafi verið tímafrekt og leiddi til mikils kostnaðar. Auk þess hafi Skipulagsstofnun fengið aðalskipulagið tvisvar til yfirferðar á tímabilinu 2020-2022 en engu að síður urðu tafir á lokaafgreiðslu málsins sem leiddi til aukins kostnaðar. Aðalskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn þann 15. júní 2022 og sent Skipulagsstofnun til staðfestingar þann 22. júní. Fundað var með Skipulagsstofnun þann 18. ágúst þar sem farið var yfir ábendingar stofnunarinnar og þann 30. ágúst voru stafræn gögn send til Skipulagsstofnunar. Í framhaldinu hafi tekið við heilmikil bið þar sem fundað var með Skipulagsstofnun um ýmis mál tengd aðalskipulaginu að því er fram kemur í erindinu en aðalskipulagið var staðfest þann 13. desember 2022.

Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps hófst árið 2015 og líkt og fram kemur í erindinu var skipt um ráðgjafa árið 2020.

Í ljósi framangreinds vill Skipulagsstofnun koma eftirfarandi á framfæri:

Þegar samþykkt aðalskipulag barst Skipulagsstofnun þann 22. júní 2022 fylgdu ekki stafræn gögn lögum samkvæmt auk þess sem skipulagsgögnin voru ófullnægjandi, þ.á.m. barst rangur skipulagsuppdráttur sem hafði ekki verið uppfærður. Næstu vikurnar bárust smám saman viðbótargögn sem stofnunin fór yfir jafnóðum og ábendingar um þau voru ræddar á framangreindum fundi í lok ágúst. Stafræn gögn sem bárust þann 30. ágúst voru sömuleiðis ófullnægjandi og beiðni um nauðsynlegar lagfæringar á þeim voru sendar sveitarstjórn með bréfi dags. 15. september. Lagfærð gögn bárust þrisvar á næstu vikum og var óskað lagfæringa með minnisblaði dags. 23. nóvember, 6. desember og 9. desember. Fullnægjandi stafræn gögn bárust svo Skipulagsstofnun þann 9. desember og aðalskipulagið var staðfest þann 13. desember. Með hliðsjón af þessu er ljóst að tafir á skilum endanlegra gagna og annmarkar á þeim sem kröfðust leiðréttingar eru meginástæða tafanna.

Frá 1. janúar 2020 hefur legið fyrir að aðalskipulag skuli vinna og skila á stafrænu formi og var sveitarstjórn minnt á þetta með bréfi dags. 17. janúar 2022 og þá lá gagnalýsing fyrir. Ekki er ljóst hvað um er að ræða þegar vísað er til þess að skipta hafi þurft um gagnagrunn en ef um er að ræða yfirfærslu gagna úr teiknakerfi yfir í landupplýsingakerfi þá er það eðlilegur hluti af undirbúningi stafræns skipulags. Skipulagsstofnun sýnir því skilning að vinna við yfirfærslu

aðalskipulags úr teiknikerfi yfir á landupplýsingaform kallar á vinnu sem eðlilegt er að taka þátt í kostnaði við.

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar í erindinu eftir viðbótarframlagi að upphæð kr. 6.321.696 til viðbótar við það sem áður hefur verið fallist á eða kr. 12.431.250. Áður en Skipulagsstofnun tekur afstöðu til beiðninnar þarf, með hliðsjón af ofangreindu, að horfa til þess að hvaða kostnaður hlaut af töfum á lokaafgreiðslu vegna ófullnægjandi skila á skipulagsgögnum og hvaða kostnaður féll til vegna lagfæringar á stafrænum gögnum. Skipulagsstofnun afgreiðir beiðnir um kostnaðarframlag á grundvelli sundurliðunar á þeim verk- og kostnaðarþáttum sem hafa reynst kostnaðarsamari en áður var áætlað. Kostnaðarsamantekt er unnin af sveitarstjórn og við samantektina þarf að hafa í huga að Skipulagssjóði er ætlað að taka þátt í kostnaði við gerð skipulags. Skipulagsstofnun óskað eftir sundurliðun á þeim verkþáttum sem fóru fram úr áætlun og skýringu á kostnaði vegna tafa eða leiðréttinga á annmörkum endanlegra gagna áður en tekin er afstaða til beiðninnar.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Guðrún Lára Sveinsdóttir